

marklýsingu Félags íslenskra heimilislækna um nám í heimilislækningum. Einnig eru að minnsta kosti sex í eða nýbúnir í námi í Svíþjóð og Noregi. Á Íslandi eru nú 10 manns í námsstöðum í heimilislækningum og þar af eru tvær stöður á landsbyggðinni, á Húsavík og Akureyri. Þessu til viðbótar eru 25 manns, sumir komnir vel af stað í náminu og taka fullan þátt í námskipulagningu og aðrir að banka á dyr og vilja komast inn. Samtals eru þetta 55 nýútskrifaðir eða upprennandi heimilislæknar. Ástæður fyrir vaxandi áhuga á heimilislækningum eru væntanlega margar. Kjarabaráttta og leiðrétting á kjörum heimilislækna hefur að öllum líkindum haft mjög mikið að segja. Breyting sem gerð var 1999 á reglugerð um kandi-datsár breytti einnig miklu. Nú er nám í heilsugæslu hluti af kandi-datsárinu og unglæknar eru þrjú mánuði á heilsugæslustöð og fá tækifæri til að kynna heimilislækningum. Heimilislæknar hafa einnig borið gæfu til að byggja upp kröftugt framhaldsnám í heimilislækningum sem aðrar greinar líta til. Hugsanlega kemur fleira til.

Þessi þróun er ánægjuleg svo vægt sé til orða tekið og algjör nauðsyn enda er góð mönnun forsenda þess að heimilislækningar á Íslandi haldi velli og þróist á eðlilegan hátt. Það má kannski segja að boltinn hafi verið rakinn upp völlinn af heimilislæknum og nú sé það stjórnvalda að klára sóknina og skora. Markið hlýtur að vera að ljúka uppbyggingu heilsugæslunnar enda þúsundir manna á höfuðborgarsvæðinu sem ennþá eiga ekki kost á sínum persónulega heimilislækni. Ráðherra þarf einnig að efna loforð sitt um samning fyrir sjálfstætt starfandi heimilislækna. Krafan er skýlaus um að fjölga verulega stöðum heimilislækna utan og innan heilsugæslustöðva og koma unga fólkinu sem nú er í farvatninu til vinnu við heimilislækningar í þágu þjóðarinnar.

Hagfræðingur tekinn til starfa hjá læknafélögunum

Læknablaðið hefur áður tilkynnt um komu hagfræðings til starfa á skrifstofu læknafélaganna en þá reyndist það mýrarljós. Nú er hins vegar kominn til starfa **Guðbjartur Ellert Jónsson** og þegar farinn að sýsla við hagrænar hliðar heilbrigðiskerfisins.

Bjartur er 41 árs að aldri, fæddur og uppalinn Akureyringur. Hann lauk stúdentsprófi frá Verkmenntaskólanum á Akureyri 1986 og B.Sc. prófi í viðskipta- og markaðsfræðum frá University of South Carolina í Bandaríkjunum árið 1990. Hann leggur nú stund á MPA nám – stjórnun í opinberum rekstri – við HÍ meðfram starfi.

Að námi loknu starfaði Bjartur hjá Jötni hf. í Reykjavík, Samherja á Akureyri og Útvegssviði VMA á Dalvík. Árið 2000 sneri hann sér frá fiskinum að heilbrigðismálunum og hefur starfað á skrifstofu fjármála og upplýsinga á Landspítalanum undanfarin fjögur ár. Þar var helsta verkefni hans að þróa og innleiða DRG-kerfið en hann stjórnaði vinnu við kostnaðargreiningu læknisverka.



Bjartur hefur setið í verkefna- og sérfræðihópum, bæði innanlands og erlendis og haldið fyrirlestra um rekstur heilbrigðiskerfa víða.

Hann á þrjú börn, Töru Björt 18 ára, Elís Orra 13 ára og Gauta Frey 9 ára.

Við bjóðum Bjart velkominn til starfa.

The HOUPE study

Svörun í HOUPE læknarannsókninni lýkur 15. febrúar 2005

ALLIR LÆKNAR með lækningaleyfi á Íslandi þann 30. júní síðastliðinn og lögheimili hér á landi fengu boð um þátttöku í HOUPE læknarannsókninni og gátu svarað á vefsetri rannsóknarinnar www.houpe.no eða á pappír. Undirtektir hafa verið góðar og þökkum við öllum þeim sem lögðu hönd á plóginn. Vefsvörun er nú lokið en þeir sem enn hafa ekki svarað og kjósa að gera það geta póstlagt listann allt fram til 15. febrúar. Allar frekari upplýsingar veittar á skrifstofu Læknafélagsins í síma 5644100.

Kærar þakkir fyrir góðar viðtökur,

rannsóknarhópurinn

